



DÓASÖFNUN

Unglingarnir í Valsárskóla óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir stuðninginn á liðnu ári og láta vita að þeir verða á ferð í dósasöfnun dagana 22.-25. janúar nk. til styrktar ferðasjóði sínum.

Mínum einnig á sívinsæla og góða klósettpappírinn sem við höfum til sölu:

FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ	
Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp á tvær mismunandi gerðir af hágæða klósettpappír frá Marcal.	
Mjúkur og þægilegur pappír sem er 100% umhverfisvænn og endurninn. Marcal hefur hlotið gæðavottun frá Green Seal®	
Pakki 1 2ja laga pappír 48 rúllur 506 blöð á hverri rúllu 6.900 kr.	Pakki 2 2ja laga pappír 36 rúllur 306 blöð á hverri rúllu 4.900 kr.



NÆSTU RUSLADAGAR

- 21. janúar - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
- 4. febrúar - Almenn/lífrænt sorp
- 18. febrúar - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 18. febrúar.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 16. febrúar.

Efni sendist á sandra.einars@gmail.com.

FRÉTTIR ÚR VALSÁRSKÓLA

Í vetur eru í Valsárskóla 48 nemendur í 5 námshópum. Samtals eru 19 stúlkur og 29 drengir. Skólastarfið er frá kl: 8:05 til 14:00 mánudag til fimmtudag og til 13:00 á föstudögum. Auk þess starfar tónlistarskóli, frístund og félagsmiðstöð í skólanum þannig að líf er í skólanum frá 7:45 til 16:15 og lengur þegar félagsmiðstöðin er í gangi.

Undirrituð tók við sem skólastjóri Valsárskóla í júní 2020 og hafa undanfarnir mánuðir sannarlega verið lærdómsríkir fyrir nýjan stjórnanda. Heimsfaraldur hefur markað starfið og hefur komið í veg fyrir ýmsa viðburði og samstarf við samfélagið. Við búum svo vel að hafa getað haldið uppi miklu skólastarfi allan tímann þrátt fyrir strangar sóttvarnareglur. Það hefur verið mögulegt þar sem við höfum þrjá innganga, við erum fámennur skóli og síðast en ekki síst starfar jákvætt og duglegt fólk við skólann sem er lausnarmiðað og fært. Við höfum fengið margar reglugerðir sem við höfum unnið eftir og í u.þ.b. 8 vikur starfaði skólinn í þremur sóttvarnahólfum og eldri nemendur og starfsfólk var með grímur. Eftir áramót hefur skólastarfið verið í nokkuð hefðbundnu formi. Aðgangur að skólanum er þó enn takmarkaður.

Í vor, sumar og haust voru framkvæmdir í skólanum og búið að gera upp vinnuherbergi kennara í norðurenda, kaffistofa starfsfólks var endurnýjuð og kennslustofan Dropi sömuleiðis. Aðalinngangurinn var lagaður og eru nemendur og gestir komnir með nýtt fatahengi. Við gerðum töluverðar breytingar á bókasafninu og fleira stendur til. Í október varð minniháttar vatnstjón í suðurhluta skólans, sumt er búið að laga og annað verður lagað á næstu mánuðum.

Á næstu mánuðum verður framkvæmt ytra mat á vegum Menntamálastofnunar sem reglulega tekur út skólastarf í öllum grunnskólum á landinu. Auk þess mun Vinnuefirlitið taka út skólann á næstunni. Búið er að yfirfara öryggiskerfi skólans og leiksvæði. Við höldum rýmingaræfingu og höfum skipulagt fleira sem kemur að öryggi og innra starfi. Undanfarið hefur verið lögð mikil vinna í að uppfæra og móta flestar áætlanir og setja á heimasíðu skólans. Við hvetjum ykkur til að skoða síðuna og við þiggjum allar ábendingar til að bæta hana.

Hvað varðar innra starf þá eru kennarar skólans í formlegu námi er varðar læsis- og stærðfræðikennslu. Mest vinnum við með sérfræðingum í Háskólanum á Akureyri en auk þess stunda einstakir kennarar og hópar námskeið og fræðslu. Við erum í samvinnu við bæði fræðslu- og fjölskyldusvið á Akureyri. Við erum svo lánsöm að hafa Þuríði Lilju Rósenbergsdóttur náms- og starfsráðgjafa í 20% vinnu hjá okkur. Hennar framlag, ráðgjöf, er okkur dýrmæt er varðar líðan nemenda og ráðgjöf til kennara er varðar nemendur og hópa.

Að lokum langar mig að benda á hvað Valsárskóli hefur marga kosti sem ég sé vel þar sem ég hef starfað lengi í fjölmennum skólum. Við sem hér störfum gerum okkur þó grein fyrir að alltaf er hægt að gera betur og það er minn vilji að við leggjum okkur fram um það.

- Í fyrsta lagi upplifi ég jákvæðan skólabrag sem einkennist af umhyggju og áherslu á velferð allra nemenda.
- Í öðru lagi finnst mér nemendur hér virka öruggir í skólaumhverfinu, þeir eru fjálslegir, jákvæðir, opnir og tilbúnir til að ræða málin og fylgja sínum málum eftir.
- Í þriðja lagi eru við vel mönnum bæði er varðar kennara og allt starfsfólk.
- Í fjórða lagi er mjög lítið um forföll starfsfólks og allt starfsfólk er mjög áreiðanlegt, viljugt og jákvætt.
- Í fimmta lagi eru boðleiðir til stjórnsýslunnar stuttar sem einfaldar allt samstarf, auk þess er stjórnsýslan mjög jákvæð gagnvart skólastarfinu.
- Í sjötta lagi fá nemendur gjaldfrjálsan morgun- og hádegisverð. Maturinn er bæði fjölbreyttur og góður.
- Í sjöunda lagi höfum við veglegt íþróttahús, stórt eldhús og flottan matsal. Öll þessi rými eru töluvert stærri en ég hef vanist í fjórfalt fjölmennari skólum.

Það sem er þó allra best er að foreldrar og skólasamfélagið er jákvætt og sýnir velvilja.

Með áramótakveðju frá Valsárskóla, María Aðalsteinsdóttir skólastjóri

KÆRU SVEITUNGAR.

Við á Tjörnum í Valsárskóla (1. og 2. bekkur) óskum ykkur, gleði og gæfu á nýju ári og þökkum það gamla.

Eitt af því sem við æfum okkur í er sögugerð og við nýtum gjarnan þema mánaðarins til að fá hugmyndir að sögum, þema þessa mánaðar er Saga mannkyns. Það er ansi mikið efni sem flokkast undir sögu mannkyns svo við byrjuðum á að skoða frumbyggja, lesa bækur um þá og vinna verkefni. Það er því ekki skrítið að sögur um frumbyggja hafi orðið þeim innblástur í sögugerðinni þennan mánuð og nemendur vildu endilega leyfa ykkur að sjá sögurnar sínar. Það voru þó ekki allir búnir, svo sögurnar eru ekki margar, sumir skrifuðu alveg sjálfir, einhverjir voru ekki alveg búnir og aðrir fengu mig til að skrifa, en söguþráðurinn er alltaf þeirra.

Það var fallegur dagur, ég var í stórum skógi. Ég var að fara í skólann, ég hitti úlf, ég sagði hæ úlfur hvað segirðu þú gott, úlfurinn sagði svo gott, það er svo gaman að hitta svona góða stelpu. Endir

Einu sinni voru frumbyggjar og frumbyggjarnir drápu hreindýr og þeir tóku kjötið og borðuðu það. Það sem þau borðuðu ekki geymdu þau í hrúgu sem þau settu steina yfir. Þeir deildu því með hinum frumbyggjunum. Þeir tóku feldinn og bjuggu til hús með honum og klipptu pínu af feldinum og settu ofan á rúmið sitt. Svo kom rigning og allir fóru inn og fóru að leggja sig. Svo vöknudu þau og þá var kominn vetur, Salek náði í frosna kjötið og þau hituðu það og allir urðu saddir. Endir

Einu sinni voru frumbyggjar í Grænlandi. Þá komu Among us til þess að þeyta mat til að borða á skipinu sínu í geimnum þar sem var gott að búa og að borða þarna var gott. Salik var að vakna um leið og að Among us fór í geiminn svo að aðrir sáu þá ekki. Endir.

Einu sinni voru frumbyggjar sem fóru á veiðar og veiddu 8 hreindýr og 6 seli. Eitt sinn sáu þeir hval út á sjó og hann slapp en veiðimennirnir voru ekkert ósáttir. Endir

Kær kveðja Guðfinna og Tjarnarbúarnir.